

# Úlfljótsvatn 22. – 23. september

Sjáländsskóli og félagsmiðstöðin Klakinn standa fyrir ferð með nemendum 8. bekkjar á Úlfljótsvatn. Markmið ferðarinnar er að þjappa hópnum okkar saman og hafa gaman ☺

**Ferðatilhögun:** Mæting í skólann er á þriðjudagsmorgni kl. **9.00**, rútan fer stundvíslega kl.**09:30**.

Heimkoma er áætluð kl. 12.00 miðvikudaginn 23. september.

Nemendur sem eru skráðir í mat geta fengið hádegismat við heimkomu en þá þurfa þeir að láta Lindu á skrifstofu skólans vita **fyrir** ferðina.

Athygli skal vakin á því að þeir nemendur sem eru í skólamat fá samloku þegar komið er uppeftir sem þeir geta notað sem hádegismat þann daginn.

Ýmislegt verður gert til gamans eins og t.d. farið í göngu um nágrenni Úlfljótsvatns, ýmsa leiki og vatnasafarí ef veður leyfir og kvöldinu lýkur með kvöldvöku og draugasögu.

Allir taka þátt í kvöldverðinum, undirbúa, elda og ganga frá.

Nemendur þurfa að taka eftirfarandi með:

- Svefnpoka, kodda og lak
- náttföt
- föt til skiptana – líka nærfatnað
- góðar göngubuxur og hlý peysa – muna auka föt ef farið er í vatnasafarí.
- útiföt/hlý föt - **GÓÐA SKÓ**
- húfa, vettlingar og ullarsokkar
- tannbursta og annað snyrtidót
- handklæði
- vasaljós
- boltar (karfa og mark á staðnum)
- nesti fyrir þriðjudaginn (hádegismat og síðdegishressingu) + morgunmat fyrir miðvikudaginn.
- leyfilegt er að hafa með ½ l. gos og snakk/sælgæti í hóflegu magni.
- lyf (ef þörf er á slíku - þarf þá að láta fararstjóra vita)

## **Orkudrykkir eru ekki leyfilegir.**

Nemendur mega hafa myndavél, farsíma og iPod (skólinn/félagsmiðstöðin tekur enga ábyrgð á þessum hlutum) en tölvur eru ekki leyfðar.

Kostnaður ferðarinnar (rúta, gisting og sameiginleg kvöldmáltíð) er **6.000 krónur** og á að greiðast á skrifstofu skólans, **ekki seinna en föstudaginn 18.september.**

Fararstjórar eru Sirrý, umsjónarkennari, Helga Vala forstöðumaður Klakans og Tómas starfmaður Klakans s. 774 3088/617 1542.

Ég undirritað foreldri (nafn nemanda) \_\_\_\_\_

Hef lesið upplýsingablað um ferð 8. bekkjar á Úlfljótsvatn og samþykki að hann/hún taki þátt í ferðinni. Ég hef einnig kynnt mér reglur ferða á vegum félagsmiðstöðvarinnar Klakans (sjá fylgiskjal).

\_\_\_\_\_  
(Nafn foreldris og símanúmer)

## Reglur

- Gestum félagsmiðstöðvarinnar ber að koma fram af þrúðmennsku og háttvísi. Þeir ásamt starfsfólki skulu koma fram af kurteisi og virðingu hvort við annað.
- Einelti eða annað ofbeldi verður ekki liðið í félagsmiðstöðinni.
- Unglingur skal sýna góða umgengni og forðast óþarfa hávaða. Þeir fari vel með þau tæki og húsgögn sem eru á staðnum og nýti sér ruslafötur sem eru staðsettar víðsvegar um húsnæðið.
- Reykingar og neysla áfengis og vímuefna er með öllu óheimil bæði í félagsmiðstöðinni og við hana. Allar ferðir innan félagsmiðstöðvarinnar skulu vera tóbaks-, áfengis- og vímuefnalausar. Hafi starfsmaður grun um að gestir félagsmiðstöðvarinnar hafi neytt áfengis eða annarra vímuefna á opnunartíma skal hringt í foreldra eða forráðamenn og þeir látnir vita um neysluna sem og látnir sækja unglinginn. Í framhaldi eru skólastjórnendur og umsjónarkennari upplýstir um málið.
- Ávallt skal fá samþykki foreldra eða forráðamanna í utanbæjarferðum félagsmiðstöðvarinnar.
- Reglurnar hér að ofan eiga við í félagsmiðstöðinni sjálfri sem og í heimsóknum eða ferðalögum á vegum félagsmiðstöðvarinnar.